

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 147/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/229 frá 7. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli að því er varðar tiltekna aðferðir, matvælaöryggisviðmiðanir fyrir *Listeria monocytogenes* í spíruðum fræjum og viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu og matvælaöryggisviðmiðanir fyrir ógerilsneydda ávaxta- og grænmetissafa (tilbúna til neyslu) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0229:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/229 frá 7. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 106).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0229:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/229 frá 7. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 106).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/229, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 106.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.